



**284. Stjórnarfundur haldinn 15. mars 2007 kl:18:00**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.**

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Lesin og samþykkt.

**2. Innkominn bréf.**

Bréf frá : UMFÍ v/ 10. unglingslandsmóts veggspjald til að hengja upp í íþróttamannvirkjum okkar, Landsbankanum v/ viðskiptayfirlit Sparibréfs Landsbankans, formanni knattspyrnudeildar v/ láns til fimm mánaðar og tölvupóstur frá Berglindi R. Hauksdóttur Landsbanka Keflavíkurútibúi v/ yfirdráttar körfuknattleiksdeildar Keflavíkur. Aðalstjórn samþykkir umbeðið lán til fimm mánaða til Knattspyrnudeildar. Endurgreiðsla er eins og kemur fram í bréfi formanns knattspyrnudeildar. Framkvæmdastjóra falið málið.

**3. Send bréf.**

Engin.

**4. Önnur mál.**

Laganefnd var formlega sett á laggirnar, Unnar Björnsson formaður, Einar Haraldsson og Skúli Þ. Skúlason. Skipað í landsmótsnefnd af hálfu aðalstjórnar þau Sigurvin Guðfinnsson formann og Bjarney S. Snævarsdóttir, framkvæmdastjóra falið að fá tilnefningar deilda. Einar kynnti stjórnarmönnum nýjar teikningar á væntanlegu félagsheimili okkar að Sunnubraut, en þeir Einar, Kári og Þórður fóru á fund með Ragnari Auðunni Birgissyni arkitekt, Stefáni Bjarkasyni, Ragnari Erni Péturssyni og Viðari Má Aðalsteinssyni 13. mars kl. 11:00. Heimasíða félagsins hefur verið í stöðugri uppfærslu og ýmsar breytingar hafa verið gerðar og stendur til að gera fleiri. Setja sama heildarsvip á allar deildir og er þá átt við knattspyrnu- og körfuknattleiksdeildir. Stjórnarmenn ánægðir með síðuna og þær breytingar sem hafa átt sér stað. Umræður um ritun á sögu félagsins. Væntanlegt forvarnarverkefni félagsins var rætt og ákveðið að halda áfram að vinna að undirbúningi þess og stefnt á að setja það í gang í haust. Einn fulltrúi frá félaginu fór í Leiðtogaskóla UMFÍ og greiddum við tuttugu þúsund krónur í styrk vegna þess. Málefni körfuknattleiksdeildar voru rædd. Ákveðið er að óska eftir fundagerðum deilda.

Næsti fundur 29. mars 2007

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:15

